

Sp.

825. Frumvarp

til laga um breyting á 1. gr. tolllaga fyrir Ísland, nr. 54, 11. júli 1911.

(Eftir eina umr. í Ed.)

1. gr.

a. Tölul. 1 orðist svo:

Af allskonar öli, límonaði og öðrum samskonar óáfengum drykkjum, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, kr. 0,20 af hverjum lítra.

b. Tölul. 8 orðist þannig:

Af tóbaksvindlum og vindlingum (cigaretta) kr. 6,00 af hverju kg.

c. Tölul. 15 orðist þannig:

Af öllum brjóstsykur- og konfekttegundum kr. 1,25 af hverju kg.

2. gr.

Lög þessi óðlast gildi þegar í stað.